

Siglingaráð

5. fundur

Dags.: 12. apríl 2018, kl. 13:00 til 15:00 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björn Freyr Björnsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnamanna), J. Snæfríður Einarsdóttir (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Axel Helgason (Landsamband smábátaeigenda), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (Áp sendi með fundarboði).
2. Fundargerð 4. fundar Siglingaráðs (Áp sendi í tölvupósti).
3. Tímasett dagskrá Öryggisráðstefnu 20. apríl 2018 (Slysavarnaskóli sjómanna).
4. Yfirlit um kostnað vegna auglýsinga 2015-2017 (Samgöngustofa).
5. Svar Samg.st. við fyrirspurn Siglingaráðs um skyndiskoðanir og eftirlit með skoðunarstofum.

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

ÁÓ setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
 2. Staða mála í vinnslu:
 - a. N4 myndbönd. IV upplýsti að myndabandagerðin hjá N4 hafi tafist og segjast þeir ætla að hefja tökurla með smábátasjómanni í næstu viku. Undirbúningur er í gangi varðandi tökurla í stærri skipum. ÁÓ lagði áherslu á að meira hafi gerst fyrir næsta fund. IV ætlar að skila því til tökumanns N4.
 - b. Öryggisráðstefna. HS sagði frá undirbúningi ráðstefnunnar 20. apríl og er allt í góðum farvegi, yfir 50 manns búnir að skrá sig. Búið að auglýsa víða í tölvupóstum og samfélagsmiðlum en auglýsing birtist í Morgunblaðinu sem dreift er frítt í öll hús í dag. Áp ætlar að senda auglýsingu á Vegagerðina. HS og ÁÓ ætla að athuga hjá ráðuneytisstjóra hvort ráðuneytið bjóði upp á léttar veitingar í lok ráðstefnunnar eins og oft hefur verið áður.
 - c. Styrkir til hugvitsmanna. Áp upplýsti að auglýsingin ásamt umsóknareyðublaði væru komin á vef Samgöngustofu og verður hlekkur á hana sendur á fulltrúa í Siglingaráði sem ætla að auglýsa styrki á sínum vefum/samfélagsmiðlum. Áp ætlar að senda tilkynningu um þessa styrki til háskólanna og setja auglýsingu á vef Stjórnarráðsins. AH ætlar að fá rafmagns-verkfræðideild HÍ til að sækja um styrk í hönnun nútíma vökustaur. [Á Ó óskaði eftir að allar umsóknir sem bærust yrðu sendar jafn óðum til siglingaráðs.](#)
 - d. Öryggishandbók. JSE sagði að vinnuhópurinn hafi fundað þrisvar sinnum, fundur var með Navís varðandi efnistöð og verður öryggishópur SFS með í ráðum við þetta verkefni. Búið er að deila út nokkrum verkefnum tam. að HS og BFB ræði tengd lög og reglugerðir og HS, JSE og IV skoði áhættumat o.fl. í samvinnu við vinnuhópinn.
- Í umræðu kom fram að fyrirmæli ráðuneytis varðandi greiðslur fyrir vinnuframlag Samgöngustofu hafi ekki borist Gunnari Geir deildarstjóra. ÁÓ ítrekaði að Siglingaráð hafi á þessu ári úr að spila 18.480 þús.kr. í verkefni ársins 2018.
3. BFB sagði að það vanti skilgreindar verklagsreglur um hvernig standa eigi að samráði við Siglingaráð vegna undirbúnings laga- og reglugerðasetninga. Samkomulag var um að Siglingaráð verði upplýst um fyrirhugaðar breytingar á lögum og reglugerðum og að drög að breytingum fari

fyrir Siglingaráð áður en þau fari í almennt umsagnarferli í samráðsgáttinni. Einnig að fulltrúum í Siglingaráði verði boðið á sérstaka kynningarfundum varðandi ákveðin mál. BFB ætlar að láta Samgöngustofu vita um breytt fyrirkomulag og að drög að lögum/reglugerðum sem berast ráðuneytinu verði send áfram á Siglingaráð og að Samgöngustofa láti vita þegar farið er af stað með vinnu að breytingum eða gerð nýrra laga og reglugerða.

4. Skoðað var yfirlit um kostnað við auglýsingar árin 2015-2017 og málin rædd. ÁP er aðeins byrjuð að ræða við tryggingafélög og sýna þau málinu áhuga. ÁP ætlar að ræða betur við tryggingafélög um aðkomu þeirra. Talsverð umræða varð um hlustun á VHF rás 16, óþarfa blaður á rásinni í stað þess að færa sig yfir á viðeigandi rásir, kunnáttu á talstöðvar, miðun og ábendingar LHG til þeirra sem misnota rás 16 o.fl. Ljóst er að talstöðvarmálin má bæta, með fræðslu, bættum búnaði og áróðri. Fram kom að LS hefur sett ábendingar um hlustvörslu á heimasíðu þeirra og ætlar AH að endurtaka það. ÁLÁ ætlar að senda á Siglingaráð upplýsingar um stöðu fjarskiptamála. AH benti á að eftirliti með öryggi í höfnum væri ekki sinnt. ÁÓ bað fulltrúa að hugsa um fyrir næsta fund hvernig standa eigi að áróðri og auglýsingum fyrir Sjómannadag.
5. ÁÓ las upp svar Samgöngustofu við fyrirspurnum varðandi eftirlit með skoðunaraðilum og skyndiskoðanir á vegum stofnunarinnar. Í svarinu kom fram að eftirlit/úttektir tengist einkum afgreiðslu starfsleyfa skoðunarstofa enda hafi stofnunin ekki haft nægan fjölda starfsmanna til að sinna þessum verkefnum eftir sameiningu stofnana undir Samgöngustofu. Umræða var um gæði skipaskoðana og voru frásagnir af óásættanlegum vinnubrögðum bæði af hálfu skoðunarmanna sem og eigenda skipa. Bent var á að þetta væru sem betur fer undantekningar, en halda þurfi uppi fræðslu, áróðri og þrýstingi til að auka öryggisvitund og bæta þekkingu sjómanna á réttum frágangi búnaðar og eiginskoðun skipa.
6. ÁP kynnti hugmyndir að inntaki siglingastefnu og bað ráðsmenn um að hugsa um til hvaða þátta slík stefna eigi að taka. Vísaði hún í þingsályktunartillögu um Samgönguáætlun til næstu 12 ára sem hægt er að nálgast á netinu. Óskar hún eftir hugmyndum frá aðilum að Siglingaráði að framtíðarsýn í siglingamálum og ætlar að senda drögin og hlekk á vinnusíðu ráðuneytisins. Aðgerðaáætlun til næstu 3-5 ára í öryggisáætlun sjófarenda þarf að vinnast í sumar og er ætlunin er að drög að aðgerðaráætlun séu tilbúin fyrir fyrsta júní n.k. Aðgerðaáætlun þarf að vinna í samstarfi Samgöngustofu og Siglingaráðs.
7. Önnur mál:
 - a. AH benti á að breyta þurfi reglum varðandi notagildi bryggjustiga einkum sem staðsettir eru við löndunarkrana því þeir væru hættulegir. Sýndi hann mynd af manni í bryggjustiga máli sínu til stuðnings. Ákveðið var að fá fulltrúa Vegagerðarinnar og Hafnasambandsins á fund til að fjalla um málið.
 - b. HS benti á að ekki séu til reglur varðandi AIS auðkenni og merkingar á sjókvíum. ÁLÁ tók undir ábendingu HS og sagði að til væru IALA merkingar fyrir sjókvíar. Einnig væri skortur á reglum og samráði varðandi staðsetningu kræklingaræktar. Sjókvíar heyra undir Fiskistofu en kræklingarækt undir MAST en þessar stofnanir taka eingöngu tillit til hollustu- og umhverfissjónarmiða en ekki siglingaöryggis. Koma þurfi á reglum sem kveða á um að tilkynnt sé til Samgöngustofu og LHG þegar til stendur að byrja rekstur eða að færa til búnaðinn.
 - c. ÁÓ minnti á að uppfærð fjárhagsáætlun verði lögð fram á hverjum fundi. Fyrir næsta fund fáist staðan á N4 verkefninu, svör tryggingafélaga varðandi samvinnu í auglýsingum séu ljós og Vegagerðin og Hafnarsambandið fjalli um reglur um öryggi í höfnum einkum bryggjustigamálin á næsta fundi.
8. Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. maí 2018 kl. 13:00 og verður boðaður með tölvupósti. IV ritaði fundargerð.